

**Sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes, í samningi þessum einnig nefnd verkkaupar eða sveitarfélögin, og Fjölsmiðjan kt. 660601-2790 í samningi þessum einnig nefnd verksali gera með sér svohljóðandi**

## **Þjónustusamning**

á grundvelli skipulagsskrár fyrir sjálfseignarstofnunina Fjölsmiðjuna og samþykktum stjórnar hennar um fræðslu og verkþjálfun.

### **1. gr. Gildissvið**

- 1.1 Samningur þessi tekur til greiðslu verkkaupa vegna þjónustu Fjölsmiðjunnar við einstaklinga sem til hennar eru sendir af viðkomandi sveitarfélögum eins og nánar er kveðið á um í samningi þessum.
- 1.2 Samningur þessi tekur einnig til greiðslu verkkaupa á sérstökum þjónustustyrk samkvæmt nánari tilgreiningu í gr. 5.2 svo og greiðslu styrkjar vegna húsaleigukostnaðar Fjölsmiðjunnar, samkvæmt nánari tilgreiningu í gr. 5.3.

### **2. gr. Þjónusta og markmið**

- 2.1 Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun, sem starfrækir verkþjálfunar- og framleiðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára sem hætt hefur námi og/eða ekki náð fótfestu á vinnumarkaði.
- 2.2 Markmið þessa samnings er að þroska persónuleika nema Fjölsmiðjunnar og búa í haginn fyrir þá til aukins skólanáms eða þátttöku á hinum almenna vinnumarkaði. Þetta er gert með því að vinna með nemum í þeim tilgangi að greina styrkleika þeirra og áhugasvið í gegnum verklega þjálfun og fræðslu. Með þessu móti stuðla samningsaðilar að frekara skólanámi nema eða þjálfun þeirra í að reynast góðir starfskraftar á vinnumarkaði.
- 2.3 Samningur við verksala nær til verkþjálfunar nema, náms- og starfsráðgjafar, tilsagnar í námi í grunnfögum og almennri fræðslu. Réttindi og skyldur á vinnumarkaði, tilsögn í vinnuhegðun og vinnumiðlun. Hann tekur einnig til þjónustu sem verksala er heimilt að kaupa af öðrum enda uppfylli þeir ekki minni kröfur en gerðar eru til verksala í samningi þessum um slíka þjónustu.
- 2.4 Starfsfólk verksala skal hafa þekkingu á viðfangsefnum sínum.
- 2.5 Verksali setur sér það markmið í rekstri sínum að veita eins góða þjónustu og kostur er.
- 2.6 Fjölsmiðjan vinnu- og fræðslusetur á höfuðborgarsvæðinu varð viðurkenndur framhaldsfræðsluáðili árið 2021.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "RB", "AG", "PS", "1", and "RA".

**3. gr.**  
**Fyrirkomulag á inntöku og útskrift nema**

- 3.1 Verkkaupum ber að tilnefna aðila frá hverju og einu aðildarsveitarfélagi sem fulltrúa og tengilið við fulltrúa verksala.
- 3.2 Tengiliður þess sveitarfélags þar sem nemi á lögheimili og fulltrúi verksala skulu taka sameiginlega ákvörðun um inntöku hvers nýs nema.
- 3.3 Tengiliður sveitarfélags og fulltrúi verksala fylgja hverjum nema eftir og taka sameiginlegar ákvörðun um útskrift viðkomandi teljist þjálfun hans lokið.
- 3.4 Gerist nemi sekur um gróft brot á reglum Fjölsmiðjunnar geta stjórnendur hennar tekið ákvörðun um brottrekstur. Upplýsa skal tengilið sveitarfélags og viðkomandi nema um málið um leið og ákvörðun um slíkar aðgerðir er tekin.

**4. gr.**  
**Þjálfunarstyrkur**

- 4.1 Verksali greiðir út þjálfunarstyrk til nema til samræmis við reglur Fjölsmiðjunnar um mætingu og vinnuframlag hverju sinni. Þjálfunarstyrkur nema er ákvarðaður af sveitarfélögum í samræmi við ákveðinn launataxta Eflingar stéttarfélags. Þjálfunarstyrkir nema er hlutfall af launaflokki 117 í kjarasamningi Eflingar við Samband íslenskra sveitarfélaga, þannig að nemar 16-17 ára fá greitt 55% hlutfall og 18 ára og eldri fá sem nemur 75% hlutfalli. Nemar fá fullan þjálfunarstyrk að frádregnum atvinnuleysisbótum sem þeir kunna að fá frá Vinnumálastofnun. Um greiðslu jóla- og orlofsbónusa sem greiddir skulu í hlutfalli við unna tíma, svo og aðra launaliði fer samkvæmt ákvörðun stjórnar Fjölsmiðjunnar en gætt skal að jafnræði við töku slíkra ákvarðana.
- 4.2 Eftir hvern mánuð sendir verksali hverjum verkkaupa reikning með upphæð sem nemur kostnaði á hvern nema sem samningur þessi tekur til.
- 4.3 Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi vegna þjálfunarstyrks til nema aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri og eignum verksala.
- 4.4 Greiðsla þjálfunarstyrks verkkaupa miðast við þann fjölda nema sem hvert aðildarsveitarfélag hefur samið um að fái þjálfun hverju sinni og greiðist í hlutfalli við mætingu.
- 4.5 Fjölsmiðjan fær greitt 5% álag á þjálfunarstyrk sbr. ofangreint til að mæta kostnaði við umsjón og utanumhald.

**5. gr.**  
**Aðrar greiðslur frá verkkaupa**

- 5.1 Auk kostnaðar vegna þjálfunarstyrks samkvæmt 4.1 gr. samnings þessa og álagsgreiðslu samkvæmt 4.5 gr. greiða sveitarfélögin þjónustustyrk samkvæmt gr. 5.2 til Fjölsmiðjunnar og er honum ætlað að renna til reksturs Fjölsmiðjunnar án tillits til þjálfunarstyrkja og húsaleigu. Þá greiða sveitarfélögin 40% hlut leigugreiðsla samkvæmt 5.3 gr.
- 5.2 Þjónustustyrkur ársins 2025 skal vera kr. 28.176.684 kr. miðað við verðlag 1. október 2024 og tekur árlegum breytingum til samræmis við þróun vísitölu neysluverðs. Sveitarfélögin skipta

2024. 2  
HAK  
RA

með sér kostnaði á hverju ári miðað við hlutfallslegan íbúafjölda 1. desember árið á undan. Þjónustustyrkurinn skal greiddur í janúar ár hvert.

- 5.3 Sveitarfélögin skuldbinda sig til að greiða 40% af þeim leigugreiðslum sem falla til vegna reksturs Fjölsmiðjunnar á gildistíma samnings þessa samkvæmt gildandi leigusamningi um húsnæði hennar. Leigufjárhæð frá 1. febrúar 2025 er samkvæmt leigusamningi 6.361.200 kr. á mánuði með VSK, miðað við grunnvístölu í júlí 2024 og tekur hún mánaðarlegum breytingum til samræmis við þróun vísitölu neysluerðs. Er framlag sveitarfélaganna því 30.533.760 kr. á ári án tillits til vísitölubreytinga frá og með júlí 2024. Sveitarfélögin skipta með sér kostnaði vegna þessa liðar miðað við hlutfallslegan íbúafjölda 1. desember árið á undan. Styrkur vegna húsaleigu skal greiddur í janúar ár hvert vegna yfirstandandi árs. Komi til hækkunar á leiguverði vegna breytinga á vísitölu innan ársins skal viðbótarkostnaður vegna þess gerður upp samhliða greiðslu vegna húsaleigukostnaðar ársins á eftir.

## 6. grein

### Tengiliðir og stjórnunarleg tengsl

- 6.1 Til að tryggja skilvirkan framgang samning þessa skulu fulltrúar verksala funda með fulltrúum sveitarfélaga a.m.k. tvisvar sinnum á hverju starfsári.
- 6.2. Í samræmi við ákvæði í skipulagsskrá Fjölsmiðjunnar skipar stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) einn fulltrúa í stjórn hennar.

## 7. gr.

### Upplýsingaskylda og eftirlit með framkvæmd samningsins

- 7.1 Verksali skal ótilkvaddur senda stjórn SSH, fyrir lok maí ár hvert, endurskoðaðan ársreikning ársins á undan ásamt rekstrarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfsemi og framkvæmd samningsins.
- 7.2 Fundargerðir stjórnar Fjölsmiðjunnar skulu sendar stjórn SSH til kynningar.
- 7.3 Verksali skuldbindur sig til að upplýsa stjórn SSH um það án tafar telji hann sig ekki geta staðið við fjárhagslega eða faglega skilmála samnings þessa.
- 7.4 Stjórn SSH hefur eftirlit með framkvæmd samnings þessa og áskilur sér rétt til að skoða aðstæður þar sem þjónustan samkvæmt honum er veitt og kalla eftir hverjum þeim upplýsingum frá verksala sem talin er þörf á hverju sinni.

## 8. gr.

### Þagnarskylda og persónuvernd

- 8.1. Starfsmönnum verksala ber að gæta þagnarmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara lögum samkvæmt.
- 8.2 Vinnsla persónuupplýsingar fer fram í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglur um öryggi persónuupplýsinga, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.



**9. gr.**  
**Meðferð ágreiningsmála**

- 9.1 Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd á samningi þessum skal honum vísað til þriggja manna sáttanefndar. Tilnefnir verksali einn fulltrúa og verkkaupar einn fulltrúa. Oddamaður skal tilnefndur sameiginlega af báðum aðilum. Skal sáttanefndin skera úr um ágreininginn eins fljótt og kostur er.
- 9.2 Kostnaður við starf sáttanefndar skiptist jafnt milli verkkaupa og verksala.
- 9.3 Vilji annar hvor samningsaðila ekki una niðurstöðu sáttanefndar er honum samt sem áður heimilt að bera ágreininginn undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**10. gr.**  
**Vanefndir**

- 10.1 Ef verksali vanefnir samningsskyldur sínar geta verkkaupar krafist tafarlausra úrbóta og sett tímafresti í því skyni. Falli þjónusta niður eða skerðist verulega er verkkaupum heimilt að skerða framlag í sama hlutfalli.
- 10.2 Hafi verksali ekki bætt úr vanefndum innan tímafrests í samræmi við kröfur verkkaupa hafa verkkaupar heimild til að fresta greiðslum þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Verksali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað á þessum grundvelli.
- 10.3 Þrátt fyrir ákvæði greinar 10.2 veita verulegar vanefndir af hálfu samningsaðila þó gagnaðila ætíð rétt til riftunar samningsins, enda hafi áður verið skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndum með hæfilegum fyrirvara.

**11. gr.**  
**Gildistími**


- 11.1 Samningur þessi er gerður til fimm ára og gildir frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2029.

**12. gr.**  
**Frumrit og staðfesting samnings**


- 11.1 Af samningi þessum skulu gerð sjö samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins.
- 11.2 Eitt eintak skal vera í vörslu hvers sveitarfélags sem verkkaupa og eitt eintak í vörslu verksala.




Kópavogi, 2. desember 2024




f.h. Reykjavíkurborgar  
Skv. samþykkt borgarráðs 15. ágúst 2024



f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar  
Skv. samþykkt bæjarráðs 11. júlí 2024




f.h. Garðabæjar  
Skv. samþykkt bæjarráðs 9. júlí 2024




f.h. Kópavogsbæjar  
Skv. samþykkt bæjarráðs 18. júlí 2024.



f.h. Mósfellsbæjar  
Skv. samþykkt bæjarráðs 11. júlí 2024.



f.h. Seltjarnarnesbæjar  
Skv. samþykkt bæjarráðs 1. ágúst 2024.



f.h. Fjölsmiðjunnar

ÞB.  
AK